

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Akranesi.

1. gr.

Af hundum á Akranesi skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald á Akranesi, nr. 782/2010, sbr. 11. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

- | | |
|--|------------|
| a) Skráning | kr. 12.000 |
| b) Skráning eftir útrunninn frest, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktar um hundahald | kr. 15.000 |

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund kr. 15.000

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. gr. a og 3. gr.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds kr. 15.000

Önnur afhending hunds, ef það er innan tveggja mánaða kr. 20.000

Þriðja afhending hunds, ef það er innan tveggja mánaða kr. 25.000

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

7. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af framkvæmdastofu Akraneskaupstaðar er heimilt að lækka gjöldin skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar um 30% enda séu þau þegar greidd. Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, samanber samþykkt um hundahald á Akranesi nr. 782/2010, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald á Akranesi nr. 333/2004.

Nr. 973

23. nóvember 2010

Samþykkt í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar 23. nóvember 2010.

Akranesi, 23. nóvember 2010.

Jón Pálmi Pálsson,
framkvæmdastjóri framkvæmdastofu.

B-deild – Útgáfud.: 14. desember 2010